



Fjölbrautaskóli Vesturlands



Sjálfsmatsskýrsla 2017

[Type here]

## Efnisyfirlit

Lýsing á starfsemi skólans .....	3
Námskrá og mat á skólstarfi .....	5
Tölulegar upplýsingar .....	6
Stoðþjónusta .....	10
Innra mat .....	11
Verk- og framkvæmdaáætlun 2017 til 2020 .....	11
Foreldrakönnun .....	12
Könnun meðal útskrifaðra nemenda.....	12
Kennslukannanir.....	13
Mat á húsnæði skólans.....	15
Könnun meðal útskriftarnema .....	16

## Lýsing á starfsemi skólans

**Fjölbrautaskóli Vesturlands** starfar skv. *Lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008*. Í lögnum segir m.a.

Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi. Framhaldsskólar búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífinu og frekara nám. Þeir skulu leitast við að efla færni nemenda í íslensku máli, bæði töluðu og rituðu, efla siðferðisvitund, ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, þjálfá þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum, jafnrétti og gagnrýninni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja til þekkingarleitar. Framhaldsskólar sinna miðlun þekkingar og þjálfun nemenda þannig að þeir öðlist færni til að gegna sérhæfðum störfum og hafi forsendur til að sækja sér frekari menntun.

FVA er á margan hátt dæmigerður fyrir íslenska framhaldsskóla sem starfa utan Reykjavíkursvæðisins. Hann er með um það bil 540 nemendur og um það bil 70 starfsmenn. Líkt og flestir fjölbrautaskólar úti á landi tekur hann við mjög breiðum hópi nemenda og leitast við að þjóna þörfum allra íbúa á svæðinu, bæði unglinga og fullorðinna, fyrir menntun á framhaldsskólastigi. Fyrir vikið er nemendahópurinn sundurleitur og námsframboð breitt.

Við skólann eru:

- Bóknámsbrautir sem leiða til stúdentsprófs.
- Verknámsbrautir í tré-, málm- og rafiðngreinum.
- Samningsbundið iðnnám.
- Framhaldsskólabraut.
- Starfsbraut fyrir fatlaða nemendur.
- Annað nám (svo sem sjúkraliðabraut og nám til iðnmeistaraprófs þegar þátttaka fæst).

Skólinn starfar eftir áfangakerfi sem þýðir meðal annars að nemendur skiptast ekki í bekki heldur fær hver og einn sína einstaklingsstundaskrá í upphafi hvern annar.

Við skólann eru þrjú stjórnendur sem bera ábyrgð á kennslu og skipulagningu hennar. Þeir eru skólameistari, aðstoðarskólameistari og áfangastjóri. Til viðbótar eru sex kennarar í hlutastarfi við faglega stjórnun. Þeir kallast deildarstjórar og hafa umsjón með samráði og samvinnu kennara sem kenna svipaðar námsgreinar. Námsgreinarnar skiptast með þessum hætti á deildarstjórana:

- Íslenska, saga, samfélagsgreinar og íþróttir
- Iðn- og verknám
- Raungreinar og heilbrigðisgreinar
- Starfsbrautaráfangar
- Stærðfræði, viðskipta- og tölvugreinar
- Tungumál

**Markmið og stefna Fjölbrautaskóla Vesturlands** eru skilgreind í fyrsta kafla fyrsta hluta skólanámskrár sem liggur frammi á vef skólans (<http://www.fva.is>).

**Stefna FVA er þrjúþætt:**

1. Veita öllum nemendum sínum góða menntun sem felur í sér þekkingu, leikni og hæfni í einstökum greinum, víðsýni og gagnrýna hugsun, ábyrgð og sanngirni, vandvirkni og góð vinnubrögð.
2. Vera umhyggjusamur um velferð nemenda sinna og stuðla að heilbrigðum lífsháttum.
3. Bera virðingu fyrir hverjum einstaklingi og koma fram við alla í anda jafnréttis og lýðræðis.

Taka má mið af niðurstöðum Skólapúlsins, nemenda- og kennslukönnunum þegar skoðað er hvernig skólinn nær að framfylgja gefinni stefnu og markmiðum sínum.

Samkvæmt Skólapúlsinum á haustönn 2016 er líðan nemenda FVA almennt betri en nemenda annarra framhaldsskóla sem tóku þátt í könnuninni. Tölfræðilega marktækur munur er þó á upplifun nemenda FVA á stuðningi kennara við þá. Nemendur FVA meta stuðninginn minni en nemendur viðmiðunarskóla. Viðhorf og hollusta nemenda FVA gagnvart skólanum mælist einnig minni en viðmiðunarskóla. Skuldbinding nemenda er varðar mætingu mælist þó betri en í viðmiðunarskólunum.

## Námskrá og mat á skólastarfi

Námskrá<sup>1</sup> FVA er á rafrænu formi. Í skólanámskrá koma fram upplýsingar um meginmarkmið skólans. Kaflarnir skiptast í:

- Stefnu skólans
- Áætlanir
- Námsbrautir og áfanga
- Inntökuskilyrði og námsframvinda
- Námsmat og próf
- Mat á námi og reynslu
- Samskipti og skólareglur
- Siðareglur
- Meðferð upplýsinga
- Samstarf
- Þjónusta og starfsfólk
- Skóladagatal
- Viðaukar

Rafræn birting tryggir auðvelt aðgengi að innihaldi skólanámskrár sem verður þannig að lifandi skjali og síður hætta á að menn missi sjónar af þeim markmiðum sem þar eru sett.

---

<sup>1</sup> Skólanámskrá: <http://fva.is/index.php/skolanamskra>

## Tölulegar upplýsingar

Á haustönn 2016 voru nemendur FVA 558 í upphafi annar, þar af luku 551 prófum. Á vorönn 2017 voru nemendur 498 í upphafi annar, þar af luku 494 prófum. Skiptingu nemenda eftir kyni, árgöngum og brautum má sjá í töflum hér fyrir neðan.

Eftir kyni				
	Haustönn 2016		Vorönn 2017	
<b>KK</b>	320	57%	296	59%
<b>KVK</b>	238	43%	202	41%

Eftir árgöngum				
	Haustönn 2016		Vorönn 2017	
91 og fyrr	116	21%	127	26%
92	8	1%	6	1%
93	6	1%	7	1%
94	5	1%	4	1%
95	16	3%	14	3%
96	32	6%	17	3%
97	80	14%	43	9%
98	86	15%	78	16%
99	111	20%	107	21%
00	98	18%	95	19%

Nemendur eftir pósnúmerum				
	Haustönn 2016		Vorönn 2017	
101-270	18	3%	10	2%
300	415	74%	362	73%
301	31	6%	27	5%
310-311	43	8%	39	8%
320-356	18	3%	16	3%
370-380	15	3%	12	2%
400+	21	4%	23	5%

Nemendur eftir brautum				
	Haustönn 2016		Vorönn 2017	
AU	2			
BB	27	5%	21	4%
FÉ	49	9%	13	3%
FÉ ST4	1		1	
FÉL	66	12%	69	14%
GBM	17	3%	21	4%
GR	28	5%	26	5%
HÚ8	19	3%	19	4%
MAH	30	5%	31	6%
MB	8	2%	6	1%
MB ST4	2		2	1%
MG	55	10%	54	11%
NÁ	32	6%	12	2%
NÁT	79	14%	77	16%
OS	55	10%	53	11%
ÓTN	2		1	
RK8	18	3%	11	2%
RK9	2		4	1%
SJ	34	6%	42	8%
ST4	17	3%	18	4%
VI	1			
VS8	7	1%	11	2%
VSS	7	1%	6	1%

**Brottfall**

Brottfall á skólaárinu 2016-17 var að meðaltali 2,75%; 2,7% á haustönn og 2,8% á vorönn. Skipting nemenda sem hættu í námi má sjá í töflum hér fyrir neðan eftir aldri og kynjum.

<b>Eftir kyni</b>				
	<b>Haustönn 2016</b>		<b>Vorönn 2017</b>	
Konur	1	14%	1	25%
Karlar	6	86%	3	75%

<b>Eftir fæðingarári</b>				
	<b>Haustönn 2016</b>		<b>Vorönn 2017</b>	
2000	2	29%	2	50%
97-98	2	29%	2	50%
93 og eldri	3	43%		

Skipting nemenda sem hættu í stökum áföngum má sjá í töflum hér fyrir neðan eftir aldri og kynjum.

<b>Eftir kyni</b>				
	<b>Haustönn 2016</b>		<b>Vorönn 2017</b>	
Konur	18	45%	15	33%
Karlar	22	55%	31	67%

<b>Eftir fæðingarári</b>				
	<b>Haustönn 2016</b>		<b>Vorönn 2017</b>	
2000	3	8%	7	15%
1999	4	10%	5	11%
1998	10	25%	7	15%
1997	12	30%	10	22%
1996 og eldri	11	28%	17	37%

Meðaleinkunn nemenda á haustönn 2016 var 6,7% og fallprósentan 15%; á vorönn 2017 var meðaleinkunnin 6,7 og fallprósentan 17,3%.



Skólasóknareinkunn nemenda á skólaárinu 2016-17 var samkvæmt töflu hér fyrir neðan.

<b>Einkunn</b>	<b>Haustönn 2016</b>	<b>Vorönn 2017</b>
10	19%	7%
9	12%	11%
8	10%	10%
7	26%	43%
6	5%	5%
5	5%	3%
4	2%	4%
3	2%	2%
2	1%	2%
1	11%	13%

## Stoðþjónusta

Á skólaárinu 2016-2017 störfuðu tveir náms- og starfsráðgjafar, þar af annar einnig skóla- og félagsráðgjafi, við skólann í 125% starfshlutfalli.

Einnig starfaði skólahjúkrunarfræðingur við skólann í 25% stöðuhlutfalli. Auk þess hefur skólinn aðgengi að sálfræðiþjónustu fyrir nemendur í skólanum í samstarfi við Akraneskaupstað. Forvarnarfulltrúi er einnig starfandi við skólann.

## Innra mat

Innra mat FVA er í höndum aðstoðarskólameistara og á skólaárinu 2016-2017 var ráðinn verkefnastjóra innri mats sem kom úr hópi kennara

### Verk- og framkvæmdaáætlun 2017 til 2020

	<b>Haustönn 2016</b>
<b>Vorönn 2017</b> Kennslukönnun Samantekt á lykiltölum Nemendakönnun Foreldrakönnun Útskrifaðir nemendur	<b>Haustönn 2017</b> Kennslukönnun Samantekt á lykiltölum
<b>Vorönn 2018</b> Kennslukönnun Samantekt á lykiltölum Nemendakönnun Foreldrakönnun Útskrifaðir nemendur	<b>Haustönn 2018</b> Kennslukönnun Samantekt á lykiltölum Skólapúlsinn
<b>Vorönn 2019</b> Kennslukönnun Samantekt á lykiltölum Nemendakönnun Foreldrakönnun Útskrifaðir nemendur	<b>Haustönn 2019</b> Kennslukönnun Samantekt á lykiltölum
<b>Vorönn 2020</b> Kennslukönnun Samantekt á lykiltölum Nemendakönnun Foreldrakönnun Útskrifaðir nemendur	<b>Haustönn 2020</b> Kennslukönnun Samantekt á lykiltölum Skólapúlsinn

## Foreldrakönnun

Á vorönn 2017 var öllum foreldrum barna undir 18 ára aldri send könnun þar sem spurt var um ánægju foreldra með skólann og hversu aðgengilegar upplýsingar væru um skólann og um stöðu nemanda. Auk þess var spurt um gæði þjónustu við nemendur. Könnunin var send á netfang foreldra og tekin og unnin í forritinu SurveyMonkey.

Helstu niðurstöður voru almennt jákvæðar, t.d. voru 91,3% svarenda mjög ánægðir eða frekar ánægðir með þá kynningu sem barnið þeirra fékk á skólanum áður en það hóf nám. 65% foreldra telja sig þekkja skólareglur FVA frekar eða mjög vel. 83% telja upplýsingar á heimasíðu skólans vera mjög eða frekar aðgengilegar og 95% telja upplýsingar í Innu vera mjög eða frekar aðgengilegar. Þegar spurt var um áherslur í forvarnarstarfi voru 85% sem töldu að áherslan ætti að vera á ólögleg vímuefni. 98% svarenda töldu þjónustu skólans við nemendur vera mjög góða eða frekar góða og 75% töldu börn sín vera með hæfilegt heimanám. Þegar kom að líðan nemenda töldu 95% þátttakenda að börnum þeirra liði mjög vel eða vel. 98% fannst viðmót starfsfólks og kennara skólans vera mjög gott eða frekar gott. Þegar foreldrar voru spurðir um hvort þeir hafi fengið viðunandi lausn mála þegar þeir hafa leitað til starfsmanna skólans segjast 87% þeirra sem hafa leitað til skólans hafa fengið viðunandi lausn.

### Viðbrögð við niðurstöðum

Niðurstöður voru kynntar starfsmönnum. Þær voru mjög jákvæðar og því ekki þörf á frekari viðbrögðum að þessu sinna.

## Könnun meðal útskrifaðra nemenda

Lögð var fyrir könnun til nemenda sem höfðu útskrifast fyrir þremur árum. Lagðar voru fyrir þá 10 spurningar þar sem spurt var hvað þeir væru að gera í dag og hvernig þeir upplifðu skólann.

Helstu niðurstöður voru að 48% nemenda FVA voru í háskóla þremur árum eftir útskrift, 4% í iðn-/verk- eða starfsnámi og aðrir í vinnu. Þegar spurt var hvernig nám í FVA undirbjó þá fyrir nám eða starf í dag segja 53% mjög eða frekar vel, 31% eru hlutlausir og 16% töldu undirbúninginn ekki nógu góðan. 58% töldu kennsluna sem þeir fengu metnaðarfulla, 25% eru hlutlausir og 17% töldu hana ekki metnaðarfulla. Þegar spurt var hvort þeim hafi liðið vel í FVA voru 74% mjög eða frekar sammála, 18% hlutlausir og 8% frekar eða mjög ósammála. Þegar spurt var um fjölbreytta kennsluhætti dreifðust svörin þannig að 43% voru mjög eða frekar sammála, 24% hlutlaus og 33% frekar eða mjög ósammála. Þegar spurt var hvort nám í FVA væri hæfilega krefjandi voru 80% mjög eða frekar sammála, 14% eru hlutlaus og 6% ósammála. Þegar spurt var hvort námsmat hefði mátt vera fjölbreyttara voru 56% sammála, 40% eru hlutlaus og 4% ósammála.

### Viðbrögð við niðurstöðum

Niðurstöður voru kynntar starfsmönnum. Svör fyrrverandi nemenda voru yfirleitt jákvætt. Það sem brýnt er að skoða er upplifun nemenda á fjölbreyttum kennsluháttum og námsmati. Skipaður var starfshópur kennara sem stjórnaði umræðum og hópavinnu kennara þar sem rætt var hvernig kennarar geta aukið fjölbreytni bæði í kennslu og í námsmati. Í framhaldi af því var ákveðið að skólinn styrkti kennara til áframhaldandi vinnu að þessu verkefni á næsta skólaári.

## Kennslukannanir

Á haustönn 2016 var í fyrsta sinn lögð kennslukönnun fyrir alla nemendur skólans um kennslu í öllum áföngum. Spurningarnar voru endurskoðaðar frá fyrri könnunum og könnunin stýtt þar sem nemendur taka nú allt upp í 7 kannanir á hverri önn.

Spurningar kennslukannana á haustönn 2016 og vorönn 2017 voru eftirfarandi:

1. Ég er ánægð/ánægður með námsgögnin sem eru notuð í áfanganum.
2. Mér finnst kennarinn í áfanganum gefa skýr og greinargóð svör ef ég þarf að spyrja eða fá útskýringar á einhverju.
3. Skipulagið í áfanganum hvetur mig til að vinna jafnt og þétt yfir önnina.
4. Í áfanganum er ég þjálfuð/þjálfaður í að lesa upplýsingar frá ólíkum miðlum.
5. Þegar ég byrjaði í áfanganum hafði ég nægan undirbúning til að læra efni áfangans.
6. Hversu margar klukkustundir á viku notar þú í heimavinnu í áfanganum?
7. Kennarinn í áfanganum hrósar mér þegar ég stend mig vel.
8. Kennarinn í áfanganum hvetur mig til að hugsa á gagnrýnan hátt.
9. Kennarinn í áfanganum notar kennsluaðferðir sem hvetja mig til sjálfstæðra vinnubragða.
10. Kennarinn í áfanganum setur reglulega tilkynningar, kennsluefni og leiðbeiningar inn á INNU.
11. Kennarinn í áfanganum veitir nemendum tækifæri til að hafa áhrif á uppbyggingu áfanga, matsaðferðir og verkefnaval.
12. Kennarinn bendir mér á hvernig ég geti bætt mig í áfanganum.
13. Kennslustundir í áfanganum eru vel skipulagðar og kennslutíminn vel nýttur.
14. Mér finnst ég fá góða kennslu í áfanganum.
15. Mér finnst kennslan í áfanganum vera í samræmi við kennsluáætlun.
16. Kennarinn í áfanganum kemur vel undirbúinn í kennslu.
17. Kennarinn í áfanganum leggur áherslu á jafnrétti í samskiptum.
18. Kennarinn í áfanganum mætir stundvíslega í kennslustundir.
19. Mér finnst yfirleitt ríkja góður vinnufriður í kennslustundum í áfanganum.
20. Kennarinn í áfanganum notar fjölbreyttar kennsluaðferðir.
21. Námið í áfanganum hefur aukið áhuga minn á námsgreininni.
22. Ég er virkur þátttakandi í kennslustundunum í áfanganum.

**Kennslukönnun haustannar 2016** var lögð fyrir dagana 11. til 20. nóvember. Svarhlutfall var 44%.

Niðurstöður voru flestar mjög jákvæðar og flest svör þannig að meira en 70% nemenda er mjög eða frekar jákvæður og vel innan við 20% er fremur eða mjög neikvæður.

### **Meðal niðurstaða voru eftirfarandi atriði sem komu vel út:**

93% nemenda voru mjög eða fremur sammála að kennarar mæti stundvíslega í kennslustundir, 5% hlutlaus og 2% ósammála.

84% nemenda finnst mjög eða fremur góður vinnufriður í kennslustundum, 11% voru hlutlaus og 4% ósammála.

84% nemenda voru mjög eða fremur sammála um að kennarar komi vel undirbúnir í kennslu, 12% hlutlausir og 4% ósammála.

**Meðal niðurstaða voru eftirfarandi atriði sem ekki komu nægilega vel út:**

48% nemenda voru mjög eða fremur sammála um spurninguna hvort nemendur fái tækifæri til að hafa áhrif á uppbyggingu áfanga, matsaðferða og verkefnaval, 33% voru hvorki sammála né ósammála, 15% ósammála og 3% vildu ekki svara.

47% nemenda voru mjög eða fremur sammála því að námið í áfanga hafi vakið áhuga þeirra á námsgreininni, 29% voru hlutlausir og 22% ósammála.

44% nemenda voru mjög eða fremur sammála um að þeir hafi fengið hrós frá kennara þegar þeir stóðu sig vel, 30% voru hvorki sammála né ósammála og 14% voru fremur eða mjög ósammála.

**Kennslukönnun vorannar 2017** var lögð fyrir dagana 4. til 13. apríl. Svarhlutfall var 41%.

Eins og á haustönninni voru niðurstöðurnar jákvæðar í heildina.

**Meðal niðurstaða voru eftirfarandi atriði sem komu vel út:**

93% nemenda voru mjög eða fremur sammála að kennarar mæti stundvíslega í kennslustundir, 5% hlutlaus og 6% ósammála.

89% nemenda voru mjög eða fremur sammála um að kennarar komi vel undirbúnir í kennslu, 6% hlutlausir og 4% ósammála.

84% nemenda voru mjög eða fremur sammála um að það ríkti góður vinnufriður í kennslustundum, 12% voru hlutlausir og 4% ósammála.

**Meðal niðurstaða voru eftirfarandi atriði sem ekki komu nægilega vel út:**

56% nemenda voru mjög eða fremur sammála um að þeir hafi fengið hrós frá kennara þegar þeir stóðu sig vel, 28% voru hvorki sammála né ósammála og 13% voru fremur eða mjög ósammála.

48% nemenda voru mjög eða fremur sammála því að kennarar bentu þeim á hvernig þeir geta bætt sig í áföngum, 30% voru hlutlausir og 21% ósammála.

47% nemenda voru mjög eða fremur sammála um spurninguna hvort nemendur fái tækifæri til að hafa áhrif á uppbyggingu áfanga, matsaðferða og verkefnaval, 28% voru hvorki sammála né ósammála, 23% ósammála og 3% vildu ekki svara.

**Viðbrögð við niðurstöðum:** Markmið með fyrirlögn kennslukönnunar er fyrst og fremst að leggja mat á gæði kennslu út frá sjónarhóli nemenda. Skólameistari ber ábyrgð á að niðurstöðum kennslukönnunar sé fylgt eftir. Slík eftirfylgni getur átt sér stað með ýmsu móti. Niðurstöður kennslukönnunar geta gefið kennurum ágætar vísbendingar um gæði áfanga og það sem betur mætti fara í kennsluháttum. Viðtöl við kennara benda til þess að vel flestir nýti niðurstöður kennslukannana og reyni að bregðast við ábendingum nemenda eftir bestu getu. Lagt verður til við kennara að þeir láti nýjan nemendahóp vita af ábendingum nemenda fyrra árs og ræði þær.

Þar sem allir kennarar eru undir er þeim send samantekt strax eftir að könnun lýkur, auk þess sem þeir sjá niðurstöður sinna hópa í Innu.

Niðurstöður kennslukannana eru ræddar við kennara í starfsmannasamtölum auk þess sem farið er yfir samantektir á kennarafundi og rætt innan hópsins hvernig bæta má það sem betur mætti fara.

## Mat á húsnæði skólans

Umsjónarmaður húsnæðis gerði mat á húsnæði og skólalóð í janúar 2017.

Þar kemur meðal annars fram eftirfarandi:

**Skólalóð:** Skólalóð heimavistar er ófrágengin. Bílastæði skólans mætti gera vistlegri t.d. með tjágróðri. Girðing milli skólans og húsa við Brekkubraut er léleg og þarfnast endurnýjunar.

**A bygging:** Þessi hluti skólans er í góðu lagi eftir viðhald á svölum sem gert var á árinu.

**B bygging:** Þar eru gluggar ónýtir og þarfnast skipta. Víða í þessari byggingu er vond lykt sem gæti stafað af raka. Greina þarf orsakir og komast fyrir þær. Í tölvustofum eru sveiflur á rafmagni sem gæti skemmt búnað.

**C bygging:** Þessi hluti skólans er í góðu lagi.

**D bygging:** Þar eru rakaskemmdir í vegg við inngang, annars er húsnæðið í lagi.

**Kennsluhúsnæði málmiðnaðardeildar:** Málning á gólfum er ónýt.

**Kennsluhúsnæðis tréiðnaðardeild:** Húsnæði í lagi.

**Húsbúnaður og kennslutæki:** Í kennslustofum þarf að endurnýja búnað svo sem stóla, borð og skjávarpa.

### Viðbrögð við niðurstöðum

Lokið hefur verið við að skipta um glugga í B byggingu. Til stendur að mála bæði gólf og vegg í vélarsal málmiðnaðardeildar. Gert hefur verið ráð fyrir fjármagni í endurnýjun á húsbúnaði og kennslutækjum.

## Könnun meðal útskriftanema

Í maí 2017 var lögð fyrir könnun meðal væntanlegra útskriftarnemenda. Svarhlutfallið var um 41%.

Helstu niðurstöður þessarar könnunar voru m.a. að 88% svarenda sögðu samskipti sín við kennara og starfsfólk góð eða mjög góð. 90% svarenda töldu þjónustu bókasafns vera góða eða mjög góða. Þegar kemur að aðstöðu til tölvuvinnslu fannst 51% hún vera góð eða mjög góð en 27% sæmileg, 7% léleg en 15% sagði spurninguna ekki eiga við sig. 87% svarenda taldi þjónustu skrifstofunnar vera góða eða mjög góða. 63% voru ánægð með mötuneytið, aðeins 7% taldi það sæmilegt eða lélegt og 29% hefur ekki notað þjónustuna. Þegar spurt var um náms- og starfsráðgjöf fannst 69% hún vera góð eða mjög góð, 10% sæmileg eða léleg og 32% höfðu ekki notað þjónustuna.

Þegar spurt var um hversu góðir kennara FVA voru þá sagði 73% að þeir væru allir eða flestir góðir, 20% að helmingurinn væri góður og 7% að fæstir væru góðir. Þegar spurt var um virkni í félagslífi NFFA (nemendafélag skólans) kemur í ljós að aðeins 49% eru mjög eða frekar virkir, 15% lítið virkir og 37% ekkert virkir.

93% nemenda töldu samskipti sín við aðra nemendur góð eða mjög góð. Nemendur voru spurðir hvort þeir ætluðu í framhaldsnám, já strax á næsta ári sögðu 39%, já eftir hlé sögðu 46% og nei sögðu 15%.

### Viðbrögð við niðurstöðum

Af þessari könnun má sjá að nemendur eru almennt ánægðir með skólann sinn. Það mætti þó vera meiri þátttaka í félagslífi. Þess má geta að hluti útskriftarnema eru nemendur í dreifnámi, þeir taka ekki þátt í félagslífi og nýta sér ekki þjónustu eins og bókasafn, mötuneyti, skrifstofu, viðtalstíma náms- og starfsráðgjafa og tölvuþjónustu.